

ÚRSKURÐUR
uppkveðinn 5. júlí 2024

í áfrýjunarmálum:

Ingvars Jóhannessonar
og
Þórs Þormar Pálssonar

gegn

Dómnefnd í 2. umferð Íslandsmóts í torfæru 2024

Áfrýjunardómstóll AKÍS

Áfrýjunardómstól AKÍS bárust tvær áfrýjanir innan áfrýjunarfrests vegna niðurstöðu dómnefndar um úrslit í KFC torfærunni sem haldin var þann 18. maí 2024. Annars vegar er um að ræða áfrýjun Ingvars Jóhannessonar þar sem krafist er ógildingu á niðurstöðu dómnefndar um úrslit keppinnar þar sem að stigagjöf fyrir sjöttu þraut voru þurrkuð út og þess krafist að upphafleg úrslit með dómum staðreyndadómara verði látin standa. Hins vegar er um að ræða áfrýjun Þórs Þormar Pálssonar þar sem þess er krafist bráðabirgðaúrslit verði leiðrétt þannig að stigagjöf samræmist reglum fyrir þraut 6 og þrautin verði látin gilda til heildarstiga keppinnar.

Sá munur er á kröfum áfrýjenda að annars vegar er þess krafist að upphaflega tilkynnt bráðabirgðaúrslit standi þar sem ekki voru gefin refsistig fyrir að bakka í brautinni. Hins vegar er þess krafist að bráðabirgðaúrslitin standi en verði leiðrétt með þeim hætti að refsistig fyrir að bakka í brautinni komi til frádráttar við útreikning stiga.

Fyrir áfrýjunardómstólinn voru lögð fram eftirtalin gögn: áfrýjanir Ingvars Jóhannessonar og Þórs Þormar Pálssonar, tilkynningar um fyrirhugaðar áfrýjanir, skjáskot af úrslitum, brautarlýsing af braut 6 og upplýsingatafla 2. umferðar Íslandsmóts í torfæru 2024.

Þar sem báðar áfrýjanir varða þann úrskurð dómnefndar að stig 6. þrautar skyldu ekki teljast til heildarstiga í keppinni voru málin sameinuð.

Málavextir:

Áfrýjanir lýsa málsatvikum en einnig má rekja þau af upplýsingatöflu keppinnar.

Málavextir eru í stuttu máli þeir að keppnisstjóri birti bráðabirgðaúrslit á upplýsingatöflu að loknum akstri allra þrauta keppinnar þar sem ekki voru gefin refsistig fyrir að bakka í 6. þraut. Eftir birtingu þeirra úrslita kom fram erindi til dómnefndar um að misræmi hafi verið í upplýsingagjöf til keppenda og ökumanna við þrautaskoðun án þess að boðuð væri áfrýjun úrslitanna. Það misræmi hafi falist í mismunandi munnlegum upplýsingum til ökumanna um mörk þrautasvæðis 6. þrautar.

Á grundvelli greinar 11.9.3.v í Reglubók FIA ákvað dómnefnd að skoða málið og boðaði því keppnisstjóra og staðreyndadómara til fundar. Á þeim fundi var farið var yfir forsendur dómgæslu staðreyndadómara og hvaða upplýsingar hefðu verið veittar til ökumanna varðandi akstur þrauta.

Skoðun málsins leiddi í ljós að gefnar voru mismunandi munnlegar upplýsingar til ökumanna um mörk þrautasvæðis 6. þrautar við þrautaskoðun en ekki liggur fyrir hversu víðtæk þessi mismunandi upplýsingagjöf var. Dómnefnd skoðaði einnig þrautarteikningu, sem ökumönnum hafði verið afhent á keppendafundi. Skoðunin beindist að staðsetningu hliða, akstursleiðar og afmarkana. Ljóst er að hlið, stigastig og aksturslína eru skýrt merkt á teikningunni.

Dómnefnd tók fram að keppnisgreinarreglur, grein 3.2.11, heimila afmarkanir þrauta. Engar slíkar afmarkanir voru merktar inn á teikninguna sem afhent var ökumönnum og engir afmörkunarbörðar eða stikur voru lagðar í þrautina af keppnishaldara.

Taldi dómnefndin í ljósi þess að misræmis gætti í upplýsingagjöf til ökumanna varðandi 6. þraut að þeir hafi í raun ekki allir ekið sömu þraut. Af þeim sökum hafi þeir ekki allir setið við sama borð þegar kom að dómgæslu. Á þeim forsendum taldi dómnefnd stig 6. þrautar ekki geta talist með til heildarstiga í keppninni.

Dómnefnd úrskurðaði því að stig 6. þrautar skyldu ekki teljast með til heildarstiga í keppninni. Stigavörður reiknaði lokaúrslit byggð á þessari ákvörðun fyrir dómnefnd til birtingar. Ákvörðunin byggði á grein 11.9.3.j í Reglubók FIA.

Málsmeðferðin:

Áfrýjanir ásamt fylgigögnum bárust áfrýjunardómstóli með tölvupósti innan tímamarka skv. gr. 7.1. í reglugerð um áfrýjunardómstól AKÍS. Dómstóllinn kom saman á fjarfundi þann 12. júní og fór yfir formsatriði málsins. Málið var talið uppfylla formskilyrði og tekið til efnislegrar meðferðar skv. gr. 6.1. áðurnefndrar reglugerðar. Dómstóllinn taldi ekki ástæðu til að kalla eftir frekari gögnum í málinu og voru aðilar ekki kallaðir til og ekki gefinn kostur á að flytja mál sitt, svo sem dómstólnum er heimilt að krefjast skv. gr. 6.5. í reglugerð um Áfrýjunardómstól AKÍS.

Úrskurður:

Eins og að framan greinir er í báðum áfrýjunum m.a. áfrýjað þeim úrskurði dómnefndar að stig 6. þrautar skuli ekki teljast til heildarstiga í keppninni.

Skýrt er samkvæmt gr. 11.9.3.j í Reglubók FIA að dómnefnd getur breytt úrslitum. Einnig er skýrt samkvæmt 11.9.3.v að dómnefndir mega taka fyrir mál vísað til þeirra af keppnisstjóra. Við áfrýjun geta ákvarðanir dómnefndar komið til endurskoðunar af Áfrýjunardómstól AKÍS.

Í því máli sem hér er til skoðunar bar keppnisstjóri upp við dómnefnd eftir birtingu bráðabirgðaúrslita erindi varðandi misræmi í upplýsingagjöf til keppenda og ökumanna við þrautaskoðun

Samkvæmt gr. 3.2 í keppnisreglum fyrir torfæru 2024 skal keppnisstjóri afhenda ökumönnum mynd eða teikningu af þrautum á keppendafundi sem sýna akstursstefnu þrauta og skulu hlið þeirra vera skilmerkilega merkt ásamt stigasvæðum.

Áfrýjunardómstóll AKÍS er þeirrar skoðunar að almennt hvíli sú skylda á ökumanni að kynna sér vel þrautarteikningar og þær reglur sem um keppnir gilda. Fyrir liggur að á þrautarteikningu fyrir 6. þraut eru engar afmarkanir, hvorki á teikningu né stikur eða borðar, eins og heimild er til að hafa samkvæmt reglu 3.2.11 í keppnisreglum torfæru. Geta keppendur því almennt ekki byggt á munnlegum upplýsingum sem þeim berast við brautarskoðun en ekki liggur fyrir í ákvörðun dómnefndar hverjir gáfu mismunandi munnlegar upplýsingar eða hvaða keppendur fengu þær.

Úrskurður Áfrýjunardómstóls AKÍS er því að stig 6. þrautar skuli teljast til heildarstiga í keppninni.

Kemur þá til skoðunar hvernig stig 6. þrautar skuli reiknast, þ.e. hvort refsa skuli fyrir bakk í brautinni.

Samkvæmt gr. 4.3.5 í keppnisgreinarreglum fyrir torfæru 2024 skal stigarefsing nema -40 stigum þegar bakkað er (gildir þegar keppandi heldur akstri áfram).

Fyrir liggur að við akstur 6. þrautar bökkuðu allir nema 3 keppendur í þrautinni og fengu fyrir það refsingu til samræmis við framangreinda grein 4.3.5. Þær refsingar voru afturkallaðar við birtingu bráðabirgðaúrslita. Virðist sú ákvörðun haf verið byggð á því að ekki hafi verið nægilega ljóst hvort afmarkanir hafi verið í þrautinni eða ekki.

Eins og áður er rakið voru engar afmarkanir fyrir 6. þraut, hvorki á teikningu né stikur eða borðar, eins og heimild er til að hafa samkvæmt reglu 3.2.11 í keppnisreglum torfæru.

Áfrýjunardómstóll AKÍS telur að við úrlausn málsins verði að horfa framhjá mismunandi munnlegu upplýsingum sem einhverjir ökumanna fengu og þau skýru gögn sem allir ökumenn fengu eigi að gilda við stigagjöf fyrir keppnina.

Úrskurður Áfrýjunardómstóls AKÍS er því að við stigagjöf fyrir 6. þraut skuli ökumanni refsað hafi hann bakkað í þrautinni. Úrslit þrautarinnar skuli endurspegla þetta.

Áfrýjunardómstóll AKÍS telur rétt að áréttu að ef þær aðstæður skapast sem kalla á breytingar eða frekari skýringar á keppnisreglum skal slíkt gert með þeim hætti að sannanlegt sé að allir ökumenn hafi fengið þær.

Úrskurður þessi er kveðinn upp af Skúla Bjarnasyni, Hannesi J. Hafstein, Þórhalli B. Jósepssyni og Árna Árnasyni. Berglind Jóhannesdóttir vék sæti í málinu.

Úrskurðarorð

Úrskurður dómnefndar í 2. umferð Íslandsmóts í torfæru 2024 um að stig 6. þrautar skuli ekki teljast til heildarstiga í keppninni er felldur úr gildi. Úrslit 6. þrautar teljast því til heildarstiga keppinnar en við útreikning þeirra úrslita skal farið eftir þeim almennu reglum sem um þrautir gilda, þ.m.t. skal ökumanni refsað hafi hann bakkað í þrautinni.